



Samtakahópurinn, fundur haldinn 16.02. 2023 kl. 13.00 í

Ráðhúsi Reykjanesbæjar Tjarnargötu 12

Mætt: Hafþór B. Birgisson, Elín Rafnsdóttir, Guðrún María Þorgeirsdóttir, Guðfinna Eðvarðsdóttir, Ragnhildur Magnúsdóttir, Silja M. Albertsdóttir, Sigrún Helga Björgvinsdóttir, Gunnhildur Gunnarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

\*\*\*

### *Fundargerð*

## 1. Forvarnar- og meðferðarteymi barna, FMTB – HSS

Guðfinna Eðvarðsdóttir og Ragnhildur Magnúsdóttir frá HSS kynntu starfsemi og áherslur FMTB. Lögð er áhersla á eflingu sálfélagslegrar þjónustu á heilsugæslustöðvum í aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum. Rætt var um úrræði og hverjir geta vísað til FMTB. Samtakahópurinn þakkar fyrir góða kynningu.

## 2. Hinsegin Plútó

Guðrún María Þorgeirsdóttir kynnti starf Hinsegin Plútó og dreifði bæklingum og auglýsingum frá starfinu. Rætt var um afþreyingu sem Hinsegin Plútó býður upp á, ásamt áskorunum við húsnæðismál.

Samtakahópurinn þakkar fyrir góða kynningu.



### 3. SOS fræðsla – Fjörheimar félagsmiðstöð

Gunnhildur Gunnarsdóttir, forstöðumaður

Fjörheima kynnti SOS fræðsluna sem starfsmenn

félagsmiðstöðvarinnar hafa verið að vinna að

undanfarnar vikur.

**S** - samskipti

**O** - orkudrykkir

**S** – samfélagsmiðlar

Rætt var um markmið fræðslunnar sem eru m.a. að fræða ungmenni svo þau

geti tekið upplýstar ákvarðanir. Markmiðið er einnig að ungmenni geti sett

sér mörk hvað varðar samskipti, samfélagsmiðla og orkudrykki. Starfsfólk

Fjörheima vonar að SOS fræðslan skili bættri líðan ungmenna í Reykjanesbæ.



**Fundi slitið kl. 14:30**